



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 22.12.2014

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Sóttvarnarlækni og Umhverfisstofnun.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram með líkum hætti og verið hefur síðustu vikur. Hraunið flæðir nú í lokaðri rás allt að jaðri hraunbreiðunnar austanverðar, 15 km frá gígaröðinni. Hraun rennur einnig til norðurs.
- Jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu er enn öflug, en heldur hefur þó dregið úr henni. Stærsti skjálftinn frá hádegi á föstudag mældist M4,5 í gær, 21. desember, kl 16:12 á suður barmi öskjunnar. Sex skjálftar mældust stærri en M4,0 og um 25 skjálftar á milli M3,0-4,0 frá því á föstudag. Alls mældust rúmlega 135 skjálftar frá því á föstudag.
- Átján skjálftar mældust í bergganginum og við gosstöðvarnar í Holuhrauni frá því á föstudag. Allir minni en M2,0 að stærð.
- GPS mælingar við norðurhluta Vatnajökuls sýna áframhaldandi hægt sig inn að Bárðarbungu. Hægt og rólega hefur dregið úr sikhraðanum.
- Fjórir skjálftar mældust við Tungnafellsjökull á tímabilinu og um 18 skjálftar á svæðinu við Öskju-Herðubreið. Allir minni en M2,0 að stærð.
- Enn hefur ekki tekist að koma á sambandi við GPS stöðina í öskju Bárðarbungu. Veður hefur ekki leyft ferðir á Bárðarbungu undanfarnar vikur og ekki er útlit fyrir að hægt verði að fara þangað fyrir en eftir hátíðarnar.
- Loftgæði:
 - Í dag (mánudag) er búist við gasmengun suðaustanlands á svæðinu frá Mýrdal austur á Reyðarfjörð. Á morgun (þriðjudag) má búast við gasmengun suðvestur af gosstöðvunum.
 - Tvennskonar tveggja daga spár eru gerðar vegna mengunar frá eldgosinu. Annars vegar er um að ræða textaspá með kortum sem gerð eru af veðurfræðingi á vakt, sjá [Gas spá](#). Hins vegar er hægt að skoða sjálfvirk [Gas líkan](#), en þetta er tilraunakeysla sem er í þróun og taka ber með [fyrirvara](#). Veðurstofan og Umhverfisstofnun biður fólk að [Skrá mengun](#), verði það hennar vart og þeim áhrifum sem það verður fyrir.
 - Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Þar eru einnig aðgengileg gögn frá handmælum sem eru víða um land.
- Leiðbeiningar:



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
- Tilmæli og leiðbeiningar má finna hjá Umhverfisstofnun og Embætti landlæknis, m.a. töflu um [rétt viðbrögð](http://rett.viðbrögð).
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vef sínum eins og greint er frá hér að ofan og þær eru einnig lesnar með veðurfregnum í útvarpi. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun hefur dreift handmælum víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar og niðurstöðurnar má sjá bæði á vef hennar og Veðurstofunnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Gosið hefur staðið í rúmlega þrjá mánuði, enn er mikið hraunflæði í Holuhrauni og sikhraði öskju Bárðarbungu verulegur. Þrír möguleikar eru taldir líklegastir um framvinduna:
 - Gosið í Holuhrauni heldur áfram þar til öskjusig í Bárðarbungu hættir. Gosið getur varað í marga mánuði enn.
 - Gosvirkni færir til suðurs undir Dyngjujökul og veldur jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum. Ef slíkt gos yrði langvinnt gæti það breyst í hraungos.
 - Gos í öskju Bárðarbungu. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur Vísindamannaráðs verður þriðjudaginn 30. desember.
- Vísindamannráð almannavarna hefur haldið 80 fundi frá því umbrotin hófust þann 16. ágúst. Ráðinu væri það ekki þvert um geð þó fundir þess vegna Bárðarbungu yrðu ekki mikið fleiri, en mun að sjálfsögðu standa vaktina svo lengi sem þarf. Vísindamannaráð almannavarna óskar landsmönnum gleðilegra jóla.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild www.almannavarnir.is www.avd.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)